Velferðarráð

Reykjavík, 2. nóvember 2026
MSS26080081

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 20.10.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Breyting á samþykkt fyrir velferðarráð

Lögð fram fundargerð forsætisnefndar frá 16. október

8. liður fundargerðar forsætisnefndar frá 16. október, breyting á samþykkt fyrir velferðarráð, er samþykktur.
Borgarfulltrúar Vinstrisins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. október 2026
Bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13. október 2026

Reykjavík

Borgarstjórn

Reykjavík, 16. október 2026
MSS26080081

Hér með sendist útskrift úr fundargerð forsætisnefndar frá 16.10.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Drög að breytingu á samþykkt fyrir velferðarráð

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13. október 2026, þar sem lagt er til að forsætisnefnd samþykki að vísa tillögu að breytingu á 4. mgr. 8. gr. samþykktar velferðarráðs til afgreiðslu borgarstjórnar.
Vísað til borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13. október

Reykjavík

Forsætisnefnd

Reykjavík, 13. október 2026
MSS26080081

Breyting á samþykkt velferðarráðs

Í 6. gr. fyrirliggjandi tillögu að samþykkt notendaráðs fatlaðs fólks og öldungaráðs Reykjavíkur er lagt til að formanni ráðsins verði heimilt að taka sæti á fundum velferðarráðs undir þeim liðum sem tengjast verkefnum notenda-/öldungaráðsins.

Til samræmis við þá fyrirætlan hefur verið unnin samsvarandi tillaga að breytingu á samþykkt velferðarráðs en fyrirkomulaginu er ætlað að stuðla að gagnkvæmu upplýsingaflæði á milli ráðanna og auðvelda að stefnumótun, ákvarðanataka og framkvæmd vegna þjónustu tali saman á skilvirkan hátt.

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að vísa svohljóðandi tillögu til borgarstjórnar:

4. mgr. 8. gr. samþykktar velferðarráðs hljómar svo:

> Sviðsstjóri skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Lagt er til að 4. mgr. 8. gr. samþykktar velferðarráðs verði breytt og verði svohljóðandi:

> Sviðsstjóri **velferðarsviðs** skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. **Formaður notendaráðs fatlaðs fólks og öldungaráðs Reykjavíkurborgar er heimilt að taka sæti á fundum velferðarráðs undir þeim liðum sem tengjast verkefnum ráðsins.** Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Reykjavík